

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Bröttuhlíð, Laufskóga, Klettahlíð og Þverhlíð.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 14. febrúar 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Bröttuhlíð, Laufskóga, Klettahlíð og Þverhlíð. Breytingin nær einungis til lóðanna Brattahlíð 1 og 3 og felur í sér að vegghæð húsa á lóðunum má vera 4 m í stað 3 m, nýtingarhlutfall lóðarinnar Brattahlíð 3 má vera 0,46 í stað 0,4 og heimild er fyrir fjórum íbúðum (fasteignum) á hvorri lóð í stað tveggja íbúða (fasteigna) með heimild fyrir einni aukaíbúð í hverri fasteign.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast nú þegar gildi.

*Hveragerði, 13. mars 2019.*

**Guðmundur F. Baldursson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2019